# Örleiðbeiningar

verifone

## Samstilling við WooCommerce netverslun




október 2023

# 1a Sækja Verifone Hosted Cart viðbót fyrir WooCommerce

Hlekkur á Verifone Payment Module fyrir WooCommerce:
[verifone.cloud/docs/online-payments/plugins/woocommerce](verifone.cloud/docs/online-payments/plugins/woocommerce)


## Download the Verifone Payment Module

Current version contains the Verifone Hosted Cart plugin as well as the Verifone Inline Cart plugin. **Verifone Inline** is currently an experimental feature and **should not be used in production**.

Expand table

| Release date | Build | Release notes |
| --- | --- | --- |
| 2023-09-25 | verifone-woocommerce-v2.9.0.zip | • Bug fixes<br>• Added support for WooCommerce 8 (High-Performance Order Storage)<br>• Gift card support<br>• eCom API integration |

- Skrollaðu aðeins niður síðuna og smelltu á verifone-woocommerce-vX.X.X.zip til þess að hala niður viðbótinni.
- Nýjasta útgáfa hverju sinni er birt á ofangreindri síðu. Hægt er að sjá dagsetningu útgáfunnar undir Release date.

# 1b Sækja Verifone Hosted Cart viðbót fyrir WooCommerce

- Næst þarf að skrá sig inn í bakenda WooCommerce netverslunarinnar (yfirleitt <slóð>/wp-admin).







- Veldu Plugins, Add New og Upload Plugin.




- Veldu Choose File, finndu verifone-woocommerce-vX.X.X.zip skránna, veldu hana og svo Install Now.

# 1c Sækja Verifone Hosted Cart viðbót fyrir WooCommerce

- Nú þarf að virkja viðbótina til þess að geta haldið uppsetningu áfram.




- Veldu Plugins, Installed Plugins og finndu Verifone Hosted Cart og veldu Activate.

- Nú hefur viðbótin verið virkjuð og næst þurfum við að setja inn upplýsingar fyrirtækisins í viðbótina.

# 1d Sækja Verifone Hosted Cart viðbót fyrir WooCommerce




- Veldu WooCommerce, Settings og svo Payments flipann.
- Finndu Verifone Hosted Cart í listanum undir Payments flipanum og smelltu á það.

- Nú opnast viðmót þar sem upplýsingar fyrirtækisins eru settar inn, sem fengnar eru á aðgangi fyrirtækisins í Verifone Central. Hafðu viðmótið opið fyrir næstu skref.




verifone

# 2a Virkja aðgang að Verifone Central

- Þegar þú kemur í viðskipti til Verifone færðu sendan hlekk í tölvupósti þar sem þú getur valið þér lykilorð og virkt aðganginn þinn að þjónustuvefnum okkar; Verifone Central.

- Hlekkurinn er í gildi í 24 tíma frá sendingu póstsins, ef þú nærð ekki að klára að virkja aðganginn á þeim tíma getur þú heyrt í okkur í síma 544 50 60 eða sent okkur tölvupóst á verifone@verifone.is og við útvegum þér nýjan hlekk.




verifone

# 2b Skráðu þig inn í Verifone Central

- Opnaðu Verifone Central: https://emea.live.verifone.cloud
- Skráðu þig inn með netfangi og lykilorði.




verifone

# 3a Sækja User ID í Verifone Central

- Ýttu  á Stjórnun í stikunni efst á síðunni og svo Notendur




- Næst opnast yfirlitið Notendur þar sem þinn notandi er valinn með því að smella á nafnið.



# 3b Afrita User ID yfir í WooCommerce

- Nú birtist síða með almennum upplýsingum um notandann, þar þarf að afrita User ID sem birtist í leitarstikunni efst í vafranum þínum á eftir ...administration/users/ - dæmi:




- User ID er sett inn í reitinn User ID undir Verifone account settings flipanum







verifone

# 4a Sækja API Key í Verifone Central

- Ýttu á hringinn í stikunni efst til hægri á Verifone Central síðunni og svo API-lyklar







- Nú opnast API-lyklar síðan og þar er ýtt á Búa til API-lykil hnappinn







verifone

# 4b Afrita API Key yfir í WooCommerce

- Nú opnast sprettiglugginn API-lykill búinn til, þar er ýtt á Afrita opin lykil hnappinn:




- API Key er sett inn í reitinn API Key undir Verifone account settings flipanum í WooCommerce.







verifone

# 5a Sækja Organisation ID í Verifone Central

- Ýttu á Stjórnun í stikunni efst á Verifone Central síðunni og svo Organization Company and Sites




- Nú opnast síðan Fyrirtæki sem sýnir yfirlit allra sölustaða sem notandinn er skráður fyrir. Smelltu á Svæði söluaðila:







verifone

# 5b Afrita Organisation ID yfir í WooCommerce

- Næst opnast síðan Almennar upplýsingar um svæði söluaðila. Smelltu á afritunarhnappinn hægra megin við Auðkenni fyrirtækis:







- Organisation ID er sett inn í reitinn Organisation ID undir Verifone account settings flipanum.






# 5c Vista stillingar í Verifone account settings flipanum í stillingum viðbótarinnar í WooCommerce

- Nú eru allar upplýsingar komnar inn í Verifone account settings flipann, nú er ýtt á Save changes til að vista stillingar þess flipa.
- ATH: Gæta þarf þess að EMEA sé valið í Verifone account region felliglugganum.

- Næst er ýtt á Card payment settings flipann áður en farið er í næsta skref.




verifone

# 6a Sækja Payment provider contract ID í Verifone Central

- Ýttu á Stjórnun í stikunni efst á Verifone Central síðunni og svo Payment (Provider) Contracts




- Nú opnast síðan Samningar færsluhirða, þar er ýtt á nafn fyrirtækis / sölustaðar:



# 6b Afrita Payment provider contract ID yfir í WooCommerce

- Næst opnast síðan Almennar upplýsingar um samning söluaðila við færsluhirðir.
- Smelltu á afritunarhnappinn hægra megin við Auðkenni samnings greiðsluveitanda:







- Payment provider contract ID er sett inn í reitinn Payment provider contract ID undir Card payment settings flipanum.
- ATH - haka þarf við Enable card payment til þess að geta fyllt inn í reitinn.






# 7a Sækja 3DS Contract ID í Verifone Central

- Ýttu á Stjórnun í stikunni efst á Verifone Central síðunni og svo 3DS Contracts




- Næst opnast síðan 3-D Secure samningar greiðsluveitanda, þar er smellt á nafn fyrirtækis / sölustaðar.




verifone

# 7b Afrita 3DS Contract ID yfir í WooCommerce

- Næst opnast síðan Almennar upplýsingar um 3-D Secure samninginn.
- Smelltu á afritunarhnappinn hægra megin við 3-D Secure auðkenni samnings:






- 3DS contract ID er sett inn í reitinn 3DS Contract ID undir Card payment settings flipanum.
- ATH - haka þarf við Enable card 3DS til þess að geta fyllt inn í reitinn.







verifone

# 8 Vista stillingar í Card payment settings flipanum í WooCommerce

- Nú eru allar upplýsingar komnar inn í Card payment settings flipann og þá er ýtt á Update settings til að vista stillingar þess flipa.
- Næst er ýtt á Alternative payment options flipann áður en farið er í næsta skref.




verifone

# 9 Virkja Google Pay í Alternate payment options flipanum í WooCommerce

- Haka þarf við Google Pay og velja svo FORCE_3DS í felliglugganum SCA (Strong customer authentication).
- Næst er Payment provider contract ID slegið inn í textahólfið Google Pay payment provider contract ID.
- ATH - Payment provider contract ID er fengið í Verifone Central, sjá lið 6a í þessum leiðbeiningum.




- Næst er smellt á Save changes hnappinn til að vista upplýsingarnar og svo er smellt á Advanced settings fyrir næstu skref.




verifone

# 10 Stillingar í Advanced settings flipanum í WooCommerce

- Merkt er við Sale í Transaction type.
- Hakað er við Enable cURL verify host and peer og Manage orders.




- Að lokum er smellt á Save changes hnappinn til að vista upplýsingarnar og svo er smellt á Display settings flipann fyrir næstu skref.

verifone

# 11 Stillingar í Display settings flipanum í WooCommerce

- Í Display settings flipanum er hægt að stilla greiðsluupplifunina:
  - Title: Heiti greiðsluleiðarinnar eins og hún birtist í körfunni í WooCommerce t.a.m.“Kortagreiðsla”
  - Description: Upplýsir viðskiptavin um öruggt greiðsluferli í gegnum Verifone, t.d. hægt að þýða yfir á íslensku “Greiðslur framkvæmdar af ” (Verifone).
  - Place order button label: Heiti hnapps sem viðskiptavinur smellir á til þess að framkvæma greiðsluna, t.d. “Klára pöntun”.







- Theme ID: Hægt er að sníða útlit greiðsluferlisins inni á Verifone Central kerfinu, þá er t.a.m. hægt að velja liti, letur og setja inn myndamerki (logo).

Þegar búið er að setja inn viðeigandi gildi er næst smellt á Save changes til þess að vista stillingar flipans.

verifone

# 12a Stilla tilkynningar frá WooCommerce í Verifone Central

- Nú þarf að afrita slóðina sem birtist fyrir ofan stillingarnar í WooCommerce - dæmi: https://test.store/wc-api/woo-verifone-webhook/




- Næst þarf að fara inn á Verifone Central, velja Stjórnun og svo smella á Tilkynningar undir Ítarlegar stillingar.




verifone

# 12b Stilla tilkynningar frá WooCommerce í Verifone Central

- Smelltu á Búa til nýja tilkynningu




- Sláðu inn nafn verslunarinnar í Heiti tilkynningar
- Veldu fyrirtækið undir Fyrirtæki
- Hakaðu við öll box undir Tegund atviks
- Veldu Endastöð vefslóðar undir Afhendingarmáti og límdu inn slóðina sem við afrituðum í lið 12a, næst er valið Full gagnaburðargeta atviks undir Tegund webhook-tengingar og svo smellt á Vista.




verifone

# Þarftu frekari aðstoð?

## Hafðu samband við þjónustusvið Verifone:

Netfang: verifone@verifone.is
Sími: 544 50 60

Almennur opnunartími: Mánudaga til föstudaga 9:00-17:00

verifone